

Nd.

197. Frumvarp til laga

[182. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 21 24. apríl 1984, um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. desember 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar bráðabirgðalög nr. 102/1984 voru sett 30. júlí s.l. var búist við því að endurskoðun á verðlagningu olíu, sem er forsenda þess að lækka megi verð hennar til útgerðar, yrði lokið fyrir 1. nóvember 1984. Endurskoðun þessi hefur dregist og er þar af leiðandi nauðsynlegt að framlengja þá 3% tímabundnu viðbót, er um getur í lið III í 1. gr. áður nefndra laga, til 31. desember 1984.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir til þess að létta þann rekstrarvanda er við sé að fást í sjávarútvegi landsmanna; unnið sé að endurskoðun á verðlagningu olíu með það fyrir augum að lækka verð hennar til útgerðar; þar til endurskoðun þessi komi til framkvæmda þyki rétt að veita útgerðinni tímabundna endurgreiðslu; þá sé þörf meira fjár til skuldbreytingarlána útgerðar og fiskvinnslu en þegar hefur verið aflað, enn fremur sé talið nauðsynlegt að afla heimildar til að fella niður stimpilgjöld af öllum lánskjöllum sem gefin verða út vegna þessarar skuldbreytingar.

Fyrir því eru hér með sett eftirfarandi bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgðalaga nr. 21 24. apríl 1984, um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. október 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánnum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.